

# Frumvarp

til

**yfirsetukvennalaga.**

(Lagt fyrir alþingi 1912).

1. gr.

Engin getur orðið yfirsetukona hjer á landi, nema hún hafi staðist próf  
í yfirsetukvennaskólanum í Reykjavík, eða konunglegu fæðingarstofnuninni í

Kaupmannahöfn eða öðrum erlendum yfirsetukvennaskóla, sem landlæknir tekur gildan.

Yfirsetukonur í Reykjavík skulu hafa notið kenslu í fæðingarstofnuninni í Kaupmannahöfn eða annari erlendri fæðingarstofnun, sem að dómi landlæknis veitir jafngóða fræðslu.

#### 2. gr.

Hverri sýslu landsins skal skifta í yfirsetukvennaumdæmi, og ræður sýslunefnd þeirri skiftingu, tölu umdæmanna og takmörkum þeirra, og velur þeim heiti. Ein skal vera yfirsetukona í hverju umdæmi, og hafa þar aðsetur, er sýslunefnd þykir hæfa.

Í hverjum kaupstað skal vera yfirsetukona, ein eða fleiri; því ræður bæjarstjórn, hversu margar þær eru.

#### 3. gr.

Sýslumaður skipar yfirsetukonur eftir tillögum sýslunefndar, og fær þeim veitingarbrjef; en í kaupstöðum bæjarfógeti eftir tillögum bæjarstjórnar.

Þó skal jafnan leita álits hjeraðslæknis, áður yfirsetukona er skipuð; ef hjeraðslæknir telur hana óhæfa til starfsins, skal fresta skipuninni og skjóta því máli undir fullnaðarúrskurð landlæknis.

#### 4. gr.

Hver yfirsetukona skal hafa árslaun úr sýslusjóði eða bæjarsjóði.

Árslaun skal greiða eftir á, í kaupstöðum mánaðarlega, en annarsstaðar fyrir hvert misseri, á miðju ári og í árslok.

Launin í hverju umdæmi skal miða við fólkstal í umdæminu við síðustu áramót á þann hátt er hjer segir:

1. Í þeim umdæmum, þar sem fólkstal er 200 eða minna, skulu árslaun yfirsetukonu vera 60 kr.
2. Í þeim umdæmum, þar sem fólkstal er yfir 200, skulu árslaun yfirsetukonu vera 60 kr., að viðbættum 10 kr. fyrir hverja fulla 5 tugi manna, sem fram yfir eru 200, þó svo að launin fari aldrei fram úr 500 kr.
3. Í kaupstaðaumdæmum, þar sem eru 2 eða fleiri yfirsetukonur, skal deila íbúatölu jafnt milli þeirra beggja, eða allra, og því næst reikna þeim laun á sama hátt og öðrum yfirsetukonum, þó svo, að launin fari aldrei fram úr 500 kr.

#### 5. gr.

Sýslunefndir og bæjarstjórnir mega veita þeim yfirsetukonum hæfileg eftirlaun, er fengið hafa lausn frá starfa sínum fyrir elli sakir eða vanheilsu.

Nú fær yfirsetukona lausn af þessum ástæðum og hefir gegnt stöðu sinni full 20 ár í sömu sýslu eða sama kaupstað, á hún þá rjett til eftirlauna, er nemi  $\frac{1}{3}$  af árslaunum hennar, eins og þau hafa verið að meðaltali 5 síðustu árin; hafi hún verið við starfið full 28 ár, þá skulu eftirlaunin nema á sama hátt  $\frac{1}{2}$  af árslaunum hennar, en hafi hún gegnt starfinu í 36 ár eða lengur, skulu eftirlaunin nema  $\frac{2}{3}$  af árslaununum.

Sú, sem er fullra 70 ára, á rjett á að fá lausn með eftirlaunum, samkvæmt lögum þessum.

---

Sú yfirsetukona, sem slasast þannig, þegar hún er að gegna stöðu sinni, að hún verður að fá lausn og er ófær til að vinna fyrir sjer á annan hátt, skal ávalt fá hin hæstu eftirlaun, sem henni geta borið samkvæmt lögum þessum miðað við föst laun hennar og 36 ára þjónustu.

6. gr.

Hver yfirsetukona er skyldug að láta aðstoð sína tafarlaust í tje hverri þeirri sængurkonu í umdæminu, er gerir boð eftir henni.

Nú бага yfirsetukonu veikindi eða önnur lögleg forföll og eru þá yfirsetukonur í næstu umdæmum skyldar að gegna, ef þær mega því við koma, án þess að vanrækja sín umdæmi.

7. gr.

Yfirsetukonum ber sanngjörn þóknun fyrir yfirsetu og aðhjúkrun sængurkvenna, og að auki ókeypis fararbeiðni báðar leiðir. Þessi þóknun skal vera eigi minni en 5 kr. fyrir að sitja yfir og 1 kr. fyrir hvern dag, sem yfirsetukona dvelur hjá sængurkonunni, en 50 auro fyrir hverja vitjun í kaupstað eða kaupþúni, þar sem yfirsetukona býr.

Ef sængurkona þiggur af sveit, eða er svo fátæk, að hún getur ekki borgað, þá á yfirsetukonan heimtingu á þóknun úr sveitarsjóði, er nemi 5 kr. fyrir yfirsetustarfið og nauðsynlega aðhjúkrun eflir á auk ókeypis fararbeiðna, og skal ekki telja þau sveitargjöld með fátækrastryk.

8. gr.

Landlæknir skal semja og stjórnarráðið staðfesta yfirsetukvennareglugerð um skyldur yfirsetukvenna og gjöld fyrir aukaverk þau, er þær inna af hendi.

9. gr.

Brjótí nokkur yfirsetukona gegn því, sem henni er gert að skyldu með lögum þessum og yfirsetukvennareglugerðinni, skal hún sæta sektum, sem renna í landssjóð, nema þyngri hegning liggi við afbroti hennar að lögum. Verði hún sek að nýju og eru miklar sakir til, einkum ef hún hefur oftár en einu sinni skorast undan að vitja sængurkonu tafarlaust og að forfallalaus, þá skal henni vikið frá. Ef yfirsetukona ljóstar upp því, sem einhver kona hefir trúað henni fyrir sem yfirsetukonu, um hagi sína, skal henni þegar vikið frá starfi sínu.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1913, og frá sama tíma eru yfirsetukvennalög 17. des. 1875 og lög nr. 9, 13. apríl 1894, um breyting á 3. og 5. gr. yfirsetukvennalaga 17. des. 1875, úr gildi feld.

-----

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Á alþingi 1911 var í neðri deild samþykkt ályktun um að skora á stjórnina að sjá um að lauuakjör yfirsetukvenna hjer á landi verði tekin til ihugunar, og undirbúningur verði gerður sem fyrst til nýrrar löggjafar um það efni. Útaf ályktun þessari ritaði stjórnarráðið landlækni og beiddist álits hans og tillagna um, að hverju leyti ástæða væri til að koma fram breytingum á núgildandi lögum um nám yfirsetukvenna, skyldur þeirra, starfsvið og launakjör. Samkvæmt þessum tillögum stjórnarráðsins, hefir landlæknir útvegað skýrslur um þetta, bæði frá hjeraðslæknum og yfirsetukonum, og hefir að fengnum þessum skýrslum samið mjög ítarlegt álitsskjal um málið. Telur hann ástæðu til þess að gera töluverðar breytingar á yfirsetukvennalögnum 17. des. 1875.

Í lögnum frá 17. des. 1875 eru ákvæði um kenslu yfirsetukvenna, um skifting landsins í yfirsetukvennaumdæmi, skipun yfirsetukvenna, launakjör þeirra o. fl. Þetta hefir landlæknir í tillögum sínum greint í sundur. Hefir hann samið 2 lagafrumvörp, annað um kenslu yfirsetukvenna, og hitt um skifting landsins í yfirsetukvennaumdæmi, skipun yfirsetukvenna, laun þeirra og skyldur. Þessa tillögu landlæknis hefir stjórnarráðið fallist á.

Í frumvarpi því, er hjer liggur fyrir, er haldið ákvæði hinna eldri yfirsetukvennalaga um að laun yfirsetukvenna skuli greiðast úr sýslusjóði og bæjar-sjóði, og verður stjórnarráðið eindregið að halda því ákvæði fram, en aðalbreyting sú, sem hjer er gerð, er innifalin í því, að laun yfirsetukvenna skuli miðuð við fólkstal í umdæminu, þannig að í þeim umdæmum, þar sem fólkstalan er 200 eða minni, skuli árslaun yfirsetukonu vera 60 kr., eins og nú er, en í þeim umdæmum, þar sem fólkstal er yfir 200, skuli árslaun yfirsetukonu vera 60 kr. að viðbættum 10 kr. fyrir hverja fulla 5 tugi manna, sem fara fram yfir 200, þó svo að launin fari aldrei fram úr 500 kr. Þessi breyting byggist á því, að í fámennum hjeruðum geti yfirsetukonan stundað aðra atvinnu frátalítið, og sje því ekki þörf á að bæta laun yfirsetukvenna í þeim umdæmum, en í fjölmennari hjeruðunum eiga yfirsetukonur erfiðara með að stunda aðra atvinnu, og þá þurfi launin að vera hærri, og í hinum fjölmennustu hjeruðum geti yfirsetukonur enga aðra atvinnu stundað, og því þurfi launin að vera svo mikil að yfirsetukonan geti lifað á þeim. Þessi regla um laun yfirsetukvenna bætir að miklum mun launakjör yfirsetukvenna, þar sem þess er frekust þörf, en getur þó hinsvegar ekki talist að íþyngja um skör fram hlutaðeigandi hjeruðum, sem launin eiga að greiða.

Í 7. gr. laganna er yfirsetukonum ákveðin nokkru hærri borgun, 5 kr., fyrir yfirsetu, en í lögnum frá 1875, og í 5. gr. lagafrumvarps þessa, er yfirsetukonum veittur rjettur til eftirlauna eftir langa og dygga þjónustu.

Að öðru leyti visast til álitsskjals landlæknis, er alþingi verður gefinn kostur á að kynnast.